



Afstöðuskjal fjármála- og efnahagsráðuneytisins vegna áforma um lagasetningu

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017

Málsheiti	Frumvarp til laga um sameiginlega umsýslu höfundarréttar
Málsnr.	[]
Ráðuneyti	Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Dags.	23. janúar 2018

A. Ábendingar er snúa að fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið og fjármögnun verkefnisins sbr. A og B lið um mat á áhrifum lagasetningar.

- Lagasetningin varðar innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/26/ESB um sameiginlega umsýslu höfundarréttar og skyldra réttinda og leyfisveitingar yfir landamæri vegna netnotkunar á tónverkum á innri markaði. Gert er ráð fyrir að þær breytingar sem lagasetningin felur í sér leiði til aukinnar stjórnslubyrði í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Er þar að mestu um að ræða einskjptiskostnað í upphafi. Þá er í með lagasetningunni gert ráð fyrir mögulega aukinni stjórnslubyrði vegna málsmeðferðar deilumála hjá úrskurðarnefnd höfundaréttarmála og eftirlits ráðuneytis með sameiginlegum umsýslustofnunum. Mennta- og menningarmálaráðuneytið gerir ráð fyrir að aukin stjórnslubyrði sem kann að leiða af lagasetningunni verði leyst með breyttri forgangsröðun verkefna innan málaflokksins.
- Lagasetningin hefur ekki áhrif fyrirkomulag á greiðslum vegna höfundarréttar.

B. Aðrar ábendingar er snúa m.a. að þáttum sem heyra undir verksvið FJR

- []

C. Kalla áformin á ítarlegt mat á áhrifum á ríkissjóð og efnahagsmál sem kynna þarf fjármála- og efnahagsráðuneytinu áður en byrjað er að semja lagafrumvarp?

- Ekki verður séð, miðað við fyrirbyggjandi gögn, að ástæða sé til að kynna fjármála- og efnahagsráðuneyti ítarlegra mat á þessum áformum áður en byrjað verður að semja lagafrumvarp á grundvelli þeirra.